

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli, sem sýni rétt ökugjald, í öllum leigubifreiðum allt að 8 farþega, svo og sendibifreiðum, er aka gegn borgun, á þeim stöðum þar sem í gildi eru reglugerðir um takmörkun þeirra og útgáfu atvinnuleyfa eða ákvæði um akstur frá viðurkenndri afgreiðslustöð.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota skuli gjaldmæla af rafeindagerð framleidda af Haldex AB í Svíþjóð, Öryrkjabandalagi Íslands, Novax á Nýja Sjálandi og Taximat í Danmörku.

2. gr.

Ráðuneytið skipar löggildingarmenn gjaldmæla, sem annast löggildingarstörf samkvæmt gildandi reglugerð um slíka mæla og fást upplýsingar um þá í ráðuneytinu.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í reglugerð nr. 136/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt afturkallast auglýsing ráðuneytisins nr. 137 24. febrúar 1986 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 9. maí 1988.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir loðnumjöl og loðnulýsi á framleiðslutímabilinu

1. febrúar s.l. og til loka vertíðar 1988.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir loðnumjöl og loðnulýsi á framleiðslutímabilinu 1. febrúar s.l. og til loka vertíðar 1988:

	Viðmiðunarverð
Loðnulýsi	276,00 SDR pr. tonn cif.
Loðnumjöl	5,65 SDR pr. prót.eining

Verðbil verður 5% og afgangshlutfall 50%. Miða skal við cif-verð í höfnum V.-Evrópu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.